

## Gengur Jakobsveginn á götum Reykjavíkur

● Kládía Pétursson lætur faraldurinn ekki stöðva sig

Steinþór Guðbjartsson  
steinthor@mbl.is

Hjónin Kládía og Ingvar Pétursson, fjárfestir og ráðgjafi, hafa búið í Reykjavík undanfarnir fimm sumur. Í sumar ætluðu þau að ganga Jakobsveginn, um 800 km pílagrímsleið frá Saint-Jean-Pied-de-Port í Frakklandi að dómkirkjunni í Santiago de Compostela á Spáni, en kórónuveirufaraldurinn kom í veg fyrir það. Kládía hefur samt haldið sig við markmiðið og er komin langleiðina með að ganga „Jakobsveginn“ í Reykjavík og nágrenni, er búin að ganga tæplega 600 kílómetra. Á meðan hefur Ingvar æft sig í þriðraut.

Kládía segir að þar sem hún býi í Reykjavík hluta úr ári sé mikilvægt að þekkja borgina. Þess vegna hafi hún skipulagt „Jakobsveginn“ eftir borgarskipulaginu og tekið eitt hverfi fyrir í einu, en byrjað á því að ganga frá miðbænum út á Seltjarnarnes og til baka 25. júlí. „Síðan hef ég gengið í þrjá og hálfan til fimm tíma flesta virka daga, allt að 25 kílómetra á dag,“ segir hún. „Markmiðið er að ganga allar götur í Reykjavík og sýna um leið að hægt er að skila jákvæðu verki þrátt fyrir kórónuveirufaraldur og samkomubann.“

### Njálurefillinn merkilegur

Þekking Kláðu á borginni hefur aukist til muna samfara göngunni. „Þegar ég varð íslenskur ríkisborgari sagðist ég vilja vera fyrirmynd, góður borgari,“ segir hún og áréttar mikilyægi þess að þekkja umhverfi sitt. Á göngunni hafi hún séð margt, kynnst áður ókunnugri list og menningu og margt hafi komið á óvart. „Anægjulegt er að sjá að dagheimili og skólar eru á bestu stöðum. Ég vinn fyrir góðgerðarsamtökin Catechesis of the Good Shepherd, sem ég kalla Táknafræði góða hirðisins, í þágu barna í Bandaríkjunum og það gleður mig að sjá börnin sett í forgang.“

Kládía tók þátt í gerð Njálurefilsins á Hvalsveili og hefur vakið athygli á honum vestra, meðal annars kynnt hann á norræna þjóðminja-



Í Vöðv Kládía og Ingvar Pétursson eru mikið á ferðinni.

safninu í Seattle, The National Nordic Museum in Seattle, með fjáröflun vegna húsnæðis á Hvalsveili í huga. „Margir ferðamenn koma til Íslands vegna sögunnar og ég sé fyrir mér að Njálurefillinn eigi eftir að draga fólk til landsins næstu þúsund árin.“

### Víkingur og járnkarl

Ingvar flutti fimm ára með foreldrum sínum til Bandaríkjanna 1962. Hann var áhrifamaður í bandarísku viðskiptalífi í áratugi, starfaði meðal annars með Bill Gates og Steve Jobs, var framkvæmdastjóri hjá bóknar-fyrirtækinu Expedia og síðar hjá Nintendo of America. Fyrir skömmu tók hann sæti í fjárfestingarráði Eyrís Venture Management og í stjórn Eyr-

is Sprota II. „Við erum hætt að vinna og ferðumst mikið,“ segir hann, en þau eru jöfnum höndum í Kirkland, sem er skammt frá Seattle, á Havai og í Reykjavík. „Við segjum oft að við viljum bara búa á eldfjallaeyju.“

Keppni í hálfum járnkarli verður á Havai í vor og býr Ingvar sig undir hana. Hann segist reyndar ekki fara á fullt fyrir en eftir áramót en haldi sér við fram að því með því að hjóla, hlaupa og synda í samtals um sjö tíma á viku, en tvöfaldi æfingartímann eftir áramót. „Veðrið er alltaf gott á Havai og mér finnst skemmtileg tilbreyting að hlaupa í misjöfnu veðri, roki og rigningu, eins og er svo oft í Reykjavík,“ segir hann. „Þá finnst mér ég vera víkingur.“

### ÍÞRÓTTIR



### Ræður LeBron James við sterka liðsheild Miami Heat?

Verður LeBron James NBA-meistari í körfuknattleik í fjórða sinn eða verður liðsheild Miami Heat of sterk fyrir hann og Los Angeles Lakers? Einvígið er hafið í Disneylandi og Gunnar Valgeirsson fjallar ítarlega um það í pistli á íþróttasíðu Morgunblaðsins í dag. » 51

### MENNING



### Sinfóníuhljómsveitin leikur serenöðu eftir Dvorák í hádeginu

Sinfóníuhljómsveit Íslands býður upp á ókeypis hádegistónleika í Eldborgarsal Hörpu í dag og hefst þeir kl. 12.15. Hópur hljóðfæraleikara hljómsveitarinnar mun flytja þekkta og fallega serenöðu fyrir blásara, selló og kontrabassa eftir Antonín Dvorák, undir stjórn Evu Ollikainen, nýskipaðs aðalstjórnanda sveitarinnar. Í samræmi við sóttvornalög verður sætaframboð takmarkað og nálægðarmörk milli gesta verða virt. Tónleikagestir eru beðnir að sækja sér miða á vef hljómsveitarinnar eða í miðasölu Hörpu.

# ILVA

## Afmæli

1. - 5. OKTÓBER

# 25%

## AF ÖLLUM VÖRUM\*

\*20% afsláttur af sérpöntunum. Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði



## Frí heimsending

Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU  
FYRIR ÞÁ SEM VERSLA FYRIR  
5.000 EÐA MEIRA  
GILDIR Í VEFVERSLUN  
WWW.ILVA.IS

## Afmælisgjöf

### GEFUM 12 X 10.000 GJAFAKORT

Taktu þátt með því að versla í vefverslun ILVA. Drögum út 12 heppna viðskiptavini þriðjudaginn 6. október



ILVA Korputorgi, s: 522 4500 - www.ILVA.is  
mánudaga - sunnudaga 12-18



5 690900 090000

Í lausasölu 697 kr.  
Áskrift 7.530 kr. Helgaráskrift 4.700 kr.  
PDF á mbl.is 6.677 kr. iPad-áskrift 6.677 kr.

Sími: 569 1100  
Ritstjórn: ritstjorn@mbl.is Auglýsingar: augl@mbl.is  
Áskrift: askrift@mbl.is mbl.is: netfrett@mbl.is